

Erlínur berlínuson,  
fornleifusónus



Nýr útgáning í Listasafni Reykjavíkur

Symposion á sögunum Listasins Reykjavíkur 1998—  
2001 er í heimskjónum Hafnarhússins, og þar með  
á ófærilegum sýningum sem máluðu um  
symposionin og ófærilegum sýningum um  
Listasafn Reykjavíkur.

# Aðföng

1998—2001

Innkaup og gjafir til  
Listasafns Reykjavíkur

Þessi útgáfa er ófærileg um ófærilegum sýningum um  
þáttumáliðum Listasins Reykjavíkur. Þótt ófærilegum sýningum um  
þáttumáliðum Listasins Reykjavíkur eru ófærilegum sýningum um  
þáttumáliðum Listasins Reykjavíkur.

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús  
9. mars til 5. maí 2002

Eiríkur Þorláksson,  
forstöðumaður

## Ný aðföng í Listasafni Reykjavíkur

Sýningin á aðföngum Listasafns Reykjavíkur 1998 – 2001 er í tveimur sölum Hafnarhússins, og þar getur að líta úrval af þeim verkum, sem safninu hafa áskotnast síðastliðin fjögur ár. Á sýningunni eru tæplega 65 verk eftir 41 listamann, en heildarskrá aðfanga Listasafns Reykjavíkur á þessum fjórum árum telur 419 listaverk.

Reykvíkingar eru því rúmlega eitt hundrað listaverkum rikari fyrir hvert þessara ára.

Allt frá tilkomu Kjarvalsstaða árið 1973 hefur Reykjavíkurborg safnað listaverkum eftir íslenska listamenn með markvissum hætti. Árlega hefur verið keyptur nokkur fjöldi listaverka til Listasafns Reykjavíkur (rúmlega fjörutlu verk að meðaltali undanfarin ár), en auk þess hefur safnið hlotið margar höfðinglegar listaverkagjafir frá velunnurum, innlendum og erlendum. Allir landsmenn vita að stórar gjafir frá listamönnunum Jóhannesi S. Kjarval, Ásmundi Sveinssyni og Erró eru grunnurinn að Listasafni Reykjavíkur, en einnig er rétt að minna á að fjölmargir einstaklingar, listunnendur og listamenn hafa í gegnum árin ánafnað safninu listaverk, og þannig átt stóran þátt í uppbyggingu þess til lengri tíma.

Við innkaup listaverka á þessu tímabili hefur sem fyrr verið haft að leiðarljósi að Listasafn Reykjavíkur skuli eftir því sem kostur er eignast framúrskarandi listaverk eftir helsta nýlifandi listafólk þjóðarinnar. Jafnframt hefur verið leitast við að nýta tækifæri til að

fá til safnsins verk látinna listamanna sem bæta enn frekar þá heildarmynd, sem safneignin getur gefið af þróun myndlistar á Íslandi á síðustu öld.

Markmiðið er því að innkaup safnsins spanni eftir því sem kostur er þá breidd og þær nýju áherslur, sem er að finna í íslensku listalifi hverju sinni; meðal verka sem safnið kaupir má því bæði finna verk viðurkenndra listamanna samtimans, sem og verk yngra listafólks, sem er að hasla sér völl á vettvangi myndlistarinnar. Hér er um að ræða listaverk unnin i margvisleg efni, bæði hefðbundin og framandi, þar sem listamenn glima við allar helstu myndgerðir samtímalistarinnar.

- Lítið eitt hefur verið keypt af erlendum listaverkum til safnsins í gegnum tíðina, og þá einkum með samhengi viðkomandi verka við íslenskan listheimi í huga. Slik innkaup hafa ætið verið takmörkuð, einkum vegna litilla fjárráða safnsins, en eiga vonandi eftir að aukast í framtíðinni.

Kaup listaverka til safnsins fara þannig fram að forstöðumaður leggur tillögur um innkaup fyrir menningarmálanefnd Reykjavíkur, sem tekur endanlega afstöðu til hvers verks fyrir sig. Tillögurnar sjálfar verða til eftir heimsóknir á sýningar og vinnustofur, eða kynningu með öðrum hætti. Áður en þær eru lagðar fram eru hugmyndirnar gjarna kannaðar frekar, t.d. með umræðum meðal meðal starfstólfks safnsins, samræðum við trúnaðarfólk meðal listamanna og listunnenda, og með viðræðum við áheyrnarfulltrúa myndlistamanna í menningarmálanefnd.

Í reynd hefur skapast sú hefð, að menningarmálanefnd samþykkir þær tillögur sem lagðar eru fyrir hana um kaup listaverka. Því má segja að innkaupin endurspegli því öðru fremur skoðanir forstöðumanns og þeirra sem hann leitar álits hjá á hverjum tíma

varðandi hvað beri að telja eftirsóknarvert að bæta í listaverkaeign Listasafns Reykjavíkur. Það er vissulega mikil ábyrgð, en um leið hvatning til að vanda eins og hægt er það val sem þetta starf kallar á.

Það er sjálfsagt og eðlilegt að innkaup safnsins verði umdeild og að skoðanir manna verði skiptar um hvort það val sem í þeim felst gefi rétta mynd af hvað er að gerast best á íslenskum myndlistarvettvangi. Algjör sátt og jákvætt samdóma álit um allt sem keypt hefur verið til safnsins væri ábending um doða og átakaleysi í listinni, fremur en frábært innsæi og óskeikula dómgreind þeirra sem valið hafa verkin. Þess má því vænta þess að sýningin nú verði tilefni til skoðanaskipta og íhugunar um innkaup opinberra listasafna á samtímalist, og ber að fagna slíkri umræðu.

Sagan er ætið hinn mikli dómari, og úrskurður hennar hlýtur einnig að gilda um innkaup listaverka á hverjum tima. Það verður ekki hægt að kveða upp úr um réttmæti innkaupa samtímans fyrr en að nokkrum tíma liðnum; veki verkin áhuga og eftirtekt að liðnum nokkrum áratugum hefur tekist vel til; þyki listunnendum framtíðarinnar þau klén og tilprifalitil, verðum við að hlýta þeim dómi.

Það er ávallt fagnaðarefni þegar einstaklingum verður hugsað til Listasafns Reykjavíkur þegar kemur að því að ráðstafa eigin listaverkum. Gjafir hafa alltaf verið einn mikilvægasti þátturinn í uppbyggingu listasafna hér á landi sem annars staðar. Þær gjafir sem safninu berast eru eðli málssins samkvæmt af tvennum toga, þ.e. gjafir listamanna og gjafir listunnenda. Drjúgur hluti þeirra gjafa sem Listasafni Reykjavíkur hafa borist frá 1998 eru viðbætur í Errósafnið (nær tvö hundruð verk), en einnig hafa safninu áskotnast nokkrar gjafir frá öðrum listamönnum, sem eru mikið

fagnaðarefni og hafa orðið til að styrkja listaverkaeign safnsins á sviði samtímalistar.

Gjafir til safnsins frá listunnendum, bæði lífs og liðnum, eru afar merkilegur þáttur aðföngum Listasafns Reykjavíkur, og verða seint þakkaðar nægilega. Oft eru slikein gjafir gefnar í minningu um kynni og vinskap viðkomandi einstaklinga við þjóðbekkta listamenn, og heiðra þannig báða aðila, gefanda og viðkomandi listamann. Flestar slikein gjafir til safnsins eru frá Íslendingum, verk íslenskra listamanna, en einnig berast safninu á stundum að gjöf verk erlendra listamanna, sem verða til að styrkja safneignina enn frekar.

Sýningin "Aðföng 1998 – 2001" veitir nokkra innsýn í hvaða verk hafa bæst í Listasafn Reykjavíkur á þessu tímabili. Val verka á sýninguna takmarkast skiljanlega af því rými sem henni er ætlað, en einnig hefur verið haft til hliðsjónar að mörg hinna nýju listaverka hafa verið valin á sýningar innan safnsins á þessu tímabili. Þau verða því ekki sýnd hér aftur að sinni, en í stað þeirra eru valin til sýningar verk sem ekki hafa verið sýnd áður innan safnsins.

Endanlegan lista yfir aðföng safnsins á þessu tímabili er að finna í þessari skrá, og er vonandi að gestir finni þar fróðlegar upplýsingar um þennan mikilvæga þátt í starfsemi Listasafns Reykjavíkur.

## Innkaup 1998

Jóhannes S. Kjarval

K-5349 Skjaldmey, olia á striga, 102 x 152 cm, 1961

K-5350 Flosagjá, olia á striga, 88 x 148 cm, 1955

Höskuldur Björnsson

LR-3142 Frá Reykjavík, olia á striga, 1934

Kjartan Ólason

LR-3143 Vettlingur, pappamassi, tré, lakk,  
224x160x15cm, 1997

Einar Garibaldi Eiriksson

LR-3144 Sumarnótt á Þingvöllum (J.S. Kjarval), málmur,  
plast  
50 x 40 cm, 1998

Daði Guðbjörnsson

LR-3146 Kyrralif, olia á striga, 60 x 90 cm, 1995

Jón Axel Björnsson

LR-3150 Án titils, olia á striga, 200 x 260 cm, 1988

Pórarinn B. Þorláksson

LR-3154 Frá Stykkishólmi, olía á plötu, 46 x 66 cm, 1904

Ívar Brynjólfsson, Úr seriu: Frá forsetaframboðinu 1996

svart/hvítar ljósmyndir 70x50cm

LR-3165 Blóm og vifta í kosningaskrifstofu Ólafs Ragnars

LR-3166 Gluggatjöld í korningaskrifstofu Ástþórs

Magnússonar

LR-3167 Kókakólaflaska á kosningaskrifstofu Ástþórs

Magnússonar

LR-3168 Kaffikanna á kosningaskrifstofu Guðrúnar

Pétursdóttur

LR-3169 Veitingar á borði í kosningaskrifstofu Guðrúnar

Pétursdóttur LR-3170 Ritlingur á borði í kosningaskrifstofu

Guðrúnar Agnarsdóttur

LR-3171 Gólfteppi í kosningaskrifstofu Ástþórs

Magnússonar

- LR-3172 Símar á ofni í kosningaskrifstofu Ástþórs Magnússonar  
LR-3173 Tilkynningar á súlu í kosningaskrifstofu Péturs Hafstein  
LR-3174 Gögn á borði í kosningaskrifstofu Ólafs Ragnars

- Ólafur Eliasson  
LR-3163 Þín samsetta sjón, tré, málmur, spegilfilma  
800 x 268 x 320 cm, 1998

- Georg Guðni  
LR-3175 Án titils, olia á striga, 178 x 198 cm, 1998

- Hulda Hákon  
LR-3176 Leikmaður Nr. 3, akrýl á hydrocal og mdf, 60 x 40 cm, 1996

- Ólöf Nordal  
LR-3177 Bróðir rjúpunnar,  
gifs, stál, 150 x 40 x 40 cm, 1998  
LR-3178 Systir fálkans,  
gifs, stál, 150 x 40 x 40 cm, 1996

- Steingrimur Eyfjörð Kristmundsson  
LR-3180 Hús, blýantur, vatnslitir,  
ljósm, lakk MDF, 105 x 102 cm, 1998  
LR-3181 Hlið, blýantur, vatnslitir,  
ljósm, lakk MDF, 105 x 115 cm, 1998

- Sigurður Guðmundsson  
LR-3182 Grænleitt kínverskt granit, 100 x 60 x 40, 1998  
LR-3183 Frá afa til afa, Trérista, 68 x 98cm, 1998  
LR-3184 Frá afa til afa, Trérista, 68 x 98cm, 1998

- Pór Vigfússon  
LR-3185 Án titils, plexigler, (3x) 49 x 49 cm, 1998

- Ásgerður Búadóttir  
LR-3187 "Vegurinn langi", ull og hrosshár,  
235 x 89 x 89 cm, 1993

Kristín Guðjónsdóttir  
LR-3189 Steinnökkvi, fjörugrjót, stál, 110x36x22cm, 1998

Jón Gunnar Árnason  
LR-3190 B-4, járn og kopar, 26 x 15 x 13 cm, 1970

Karl Kvaran  
LR-3192 Án titils, olia á striga, 140 x 120 cm, 1989

Sigriður Ólafsdóttir  
LR-3193 Álfhólsvegur, olia á striga, 70 x 96 cm, 1997-98  
LR-3194 Skógargerði 7, olia á striga, 91 x 92 cm, 1997-98

Helgi Hjaltalin Eyjólfsson  
LR-3195 Heimasmíðuð teygjubyssa fyrir örvhenta,  
blönduð tækni, 1998  
LR-3196 Hvað skal búa til?, blönduð tækni, 1997

Særún Stefánsdóttir  
LR-3197 Kossinn, ljósmynd, lit, 185 x 122 cm, 1998

Ólöf Erla Bjarnadóttir  
LR-3198 Tigull, steinleir, (2x) 195 x 60 cm, 1998

Magdalena Margrét Kjartansdóttir  
LR-3199 Perla, grafik á japanskan pappir, 190 x 75, 1998

LR-3200 Æsa, grafik á japanskan pappír, 190 x 75, 1998

Ólöf Einarssdóttir  
LR-3201 Rofabarð, hör og sisall, 174 cm, 1998

Katrin Sigurðardóttir  
LR-3203 The green grass of home, blönduð tækni, 1997-98

Guðmunda Andrésdóttir  
LR-3204 Án titils, olia á striga, 90 x 70 cm, 1998

Guðrún Einarsdóttir  
LR-3205 Án titils, olía á striga, 120 x 160 cm, 1997-98

Harpa Björnsdóttir  
LR-3206 Foldarskart, ljósmyndir, (3x) 70 x 100 cm, 1998

Hannes Lárusson  
LR-3207 The Right, S/h ljósmynd, litljósmynd, akril á léreft, gler  
120 x 230 cm, 1984

Einar Már Guðvarðarson  
LR-3208 Minni gleymskunnar - Minni II,  
belgiskur stein, 64 x 22 x 19 cm, 1997-98

### Innkaup 1999

Jóhannes S. Kjarval  
K-5352 Kristján Röðuls,  
vaxlitir á pappír, 61 x 59 cm, 1956-57  
K-5353 Úr Gálgahrauni, olia á striga, 100 x 150 cm, 1956

Roni Horn  
LR-3209 Án titils, # 4, ljósmynd, blönduð tækni,  
62 x 62 (x2), 1998

Einar Garibaldi Eiríksson  
LR-3211 Um bláma, blönduð tækni á tré,  
152,5 x 151,7 x 7cm, 1998  
LR-3212 Um alfræði, blönduð tækni á tré,  
151,8 x 151,5 x 6,8 cm, 1998

Brynhildur Þorgeirsdóttir  
LR-3213 Fjall I, blönduð tækni, 217 x 45 x 45 cm, 1998

Guðbjörg Lind Jónsdóttir  
LR-3214 Áfangar á kyrru hafi, olia á striga, 160 x 250 cm,  
1998

Jóhann Eyfells  
LR-3217 Difference unravelled,  
blönduð tækni á léreft 4 x 140 x 140 cm, 1992

Ragnhildur Stefánsdóttir  
LR-3218 Einvera, gifs og gummí, 1997  
LR-3219 Tilfinning VI, gifs, 1998

Kristin Ísleifsdóttir  
LR-3220 "Mikið skal til mikils vinna - Hægt er litlu að ljúka"  
steinleir og járn, 1999

Magnús Kjartansson  
LR-3221 Altaristafla,  
olia, sag, tré og lim á striga, 180 x 374 cm, 1994

Spessi (Sigurbjörn Hallbjörnsson)  
LR-3222 Starmýri, ljósmynd, lit, 82,5 x 62,5 cm, 1998  
LR-3223 Sauðárkrókur, ljósmynd, lit, 82,5 x 62,5 cm, 1998  
LR-3224 Reykjavík, ljósmynd, lit, 82,5 x 62,5 cm, 1998

Þorri Hringsson  
LR-3227 Sumarhlaoðborð, olia á striga, 110 x 70 cm, 1997  
LR-3229 Fleiri hamingjustundir,  
olia á striga, 110 x 130 cm, 1998

Sigríð Valtingojer  
LR-3230 Grjótkastali, XII-XIV einþrykk, (3x) 63 x 39,7 cm,  
1997-98

Rúri (Þuriður Fannberg)  
LR-3234 Paradis - Hvenær? Myndband, 1998

Louisa Matthiasdóttir

LR-3237 Reykjavíkurhöfn, olia á striga, 105 x 191 cm, 1991

LR-3238 Sjálfsmynd á grænum skóm, olia á striga

Kristveig Halldórsdóttir

LR-3239 Súlur I-VI, handgerður pappir, hörtrefjar og bývax

6 x 85 x 15 cm, 1999

Daði Guðbjörnsson

LR-3240 Árstiðirnar, olia á striga, 78 x 93,3 cm, 1999

Kristján Guðmundsson

LR-3241 Blátt málverk með barnabláu útsýni, tvöfalt  
gluggalger og lakk, (6x) 4 x 220 cm, 1999

Sigurður Örlygsson

LR-3242 Listasprang, olia á striga, 144 x 205 cm, 1991-99

Hafsteinn Austmann

LR-3244 Þrihyrningar, olia á striga, 150 x 200 cm, 1992

Kristín Porkelsdóttir

LR-3245 Jötuöfl III – Öræfajökull, vatnslitir á pappír,  
74 x 105 cm, 1997

LR-3246 Jötuöfl IV- Breiðamerkurjökull, vatnslitir á pappír,  
74 x 105 cm, 1997

Ragna Róberts dóttir

LR-3248 Katla, Kötluvíkur, glerbrot og sandur, 1999

Helgi Þorgils Friðjónsson

LR-3249 Söngur jarðarinnar, kór alheimssins, olia á strig  
160 x 300 cm, 1994

Sóley Eiríksdóttir

LR-3250 Staða/Kona, steinsteypa og stál,  
80 x 107 x 27 cm, 1988

Magnús Pálsson  
LR-3251 Sekundurnar þar til Sikorskyþyrlnan snertir,  
poxýkvarts, 3 hl. mism stærð, 1976

Kristján Steingrimur Jónsson  
LR-3252 Land 2, olia, lakk og sandblástur á striga  
198 x 198 cm, 1997

Birgir Andrésson  
LR-3253 Útihús, beiki, MDF og askur, 1998

Gjörningaklúbburinn  
LR-3254 Girnilegar konur, ljósmyndaverk, 188 x 170 cm,  
1996

Margrét Jónsdóttir  
LR-3342 Möðurskautið djúpa, olia á striga, 188 x 100 cm,  
1992

### Innkaup 2000

Jóhannes S. Kjarval  
K-5360 Frá Borgarfirði eystri, vatnslitir á pappír,  
20 x 24,5 cm, 1911/1914

Guðrún Kristjánsdóttir  
LR-3339 Vetur, olia á striga, 170x300cm, 2000

Jón Axel Björnsson  
LR-3338a-b Teikningar, blý og olia á striga,  
40 x 40cm x2, 2000  
LR-3337 Sundmaður, gifs og járn, höfuð  
21cm ummál, hill a 26cm, 2000

Gunnar Órn Gunnarsson  
LR-3336 Sálar, olia á striga, 2000

Valgerður Hauksdóttir

LR-3340a-e Fellur fræ I-V, Blönduð tækni unnin á handgerðan japanpappir, 2000

LR-3341 Lifstilbrigði IV, Blönduð tækni á handgerðan japanpappir, 2000

Vignir Jóhannsson

LR-3258 Ástriðuspeglun, vatnslitur á pappír,

50 x 65 cm, 1999

LR-3257 Frost –Andi, olia á striga, 92 x 202 cm, 2000

Páll Guðmundsson og Thor Vilhjálmsson

LR-3259 Bella Italia,

grafík (þrykk) á pappír, 90 x 68 cm, 1999

LR-3260 Turnleikar og umbergis,

þrykk á pappír, (12x) 45 x 34 cm 2000

Anna Lindal

LR-3247 Heimsóknn grafíkmyndir

(stafræn tækni) og hilli, 37 x 309 cm, 1999

Guðny Magnúsdóttir

LR-3255A Gigur (skál), steinleir,

37 x 74 x ca. 36 cm, 2000

LR-3256 Torso (vasi), steinleir, 60 x 45 x ca. 16 cm, 2000

Kristján Guðmundsson, Finnbogi Pétursson, Ragna

Róbertsdóttir

LR-3261 Án titils, þrykk á pappír, (3x) 28 x 38 cm, 1999

Sigtryggur Bjarni Baldvinsson

LR-3263 Blár merlandi sjór, olia á striga,

150 x 150 cm, 2000

Hildur Bjarnadóttir

LR-3264 Svanhildur, heklað garn, þvermál 2 m, 1997

Steinunn Þórarinsdóttir

LR-3269 Þríleikur, ál, 100 x 30 x 40 (3x), 1999

**Guðjón Ketilsson**

LR-3265 Skýla (e. Luca Signorelli),  
tré, málað, ca. 37 x 32 x 6 cm, 1999-2000

LR-3266 Skýla e. Diego Velazques,  
málað tré, 26 x 30 x 5, 1999-2000

LR-3267 Skýla e. Bartolomeus della Porta,  
málað tré, 28 x 33 x 6 cm, 1999-2000

**Katrín Sigurðardóttir**

LR-3270 Veggir, blönduð tækni, 3 stk módel mism, 2000

**Ráðhildur Ingadóttir**

LR-3268 Hale-Bopp, Innsetning/Myndband, 1997

**Ragnheiður Jónsdóttir**

LR-3317 Vetur, olia á striga, 150 x 180 cm, 2000

**Magnús Pálsson**

LR-3318 Kúplingsdiskur, myndband 30 min, 1999

LR-3319 Augntal, myndband 30 min, 1993

LR-3321 Talk Preceding Eye Talk,  
myndband, 41 min, 1986

LR-3322 Eye Talk, myndband, 30 min, 1990

**Arngunnur Ýr Gylfadóttir**

LR-3323 Á enda timans III, olia á striga og tré, 92 x 155  
cm, 1999

**Louisa Matthíassdóttir**

LR-3324 Sjálfsmýnd með grænan hatt, olia á striga, 43 x  
48 cm, 1965

**Temma Bell**

LR-3325 Sjálfsmýnd með Chantal, olia á striga, 183 x 123  
cm, 1968

**Kristín Geirsdóttir**

LR-3327 Glit, olia á striga, 200 x 140 cm, 2000

Jón Thor Gislason  
LR-3328 Spueren der Kindheit,  
10 þurnálarstungur (13 eintök) hver mynd 41 x 31 cm, 2000

Gabriela Friðriksdóttir  
LR-3329 Tvær leiðir í syndinni, málað tré, h. 167, 1999

Harpa Björnsdóttir  
LR-3330 Liðsmenn, brons og maghóný, 1999

Gestur Þorgrímsson  
LR-3331 Leiðarsteinn, gabbró, stál, h. 80, 1994

Gústav Geir Bollason  
LR-3332 Landslag 360°,  
pappir, vatnslitur, 10 einingar, 2000

Jóhanna K. Yngvadóttir  
LR-3334 Barnið, olia á striga, 100 x 110 cm, 1979

Bryndis Jónsdóttir  
LR-3333 Þristigað, steinleir, 39 x 63 x 28 cm, 2000

Þórður Hall  
LR-3335 Landslag, olia á striga, 140 x 190 cm, 2000

Hallgrímur Helgason  
LR-3347 Fri '00, stafrænt prent á striga, 170 x 327 cm,  
2000

Jóhannes S. Kjarval  
K-5359 Karitas, olia á striga, 53,5 x 65 cm, 1963

### Innkaup 2001

Þorvaldur Skúlason  
LR-3345 Málverk, olia á striga, 140 x 190 cm, 1951

Hlynur Helgason

LR-3369 Málverk 9, vatnsliitur á pappir, 81 x 81 cm, 1999

LR-3370 Málverk 10, vatnsliitur á pappír, 81 x 81 cm, 1999

Kristján Daviðsson

LR-3374 Án titils, olia á striga, 40 x 54 cm, 1948

Ásta Ólafsdóttir

LR-3375 Vinarþel, viður, baðmull, kúlupenni, 220 x 33cm, 1996

Hrafnkell Sigurðsson

LR-3376 Án titils, ljósmynd á álplötu, 74,5 x 110 cm, 2000

Karin Sander

LR-3378 Finnbogi Pétursson Þriðvið mynd skönnuð og unnin í tölvu, gerð úr ABS plasti og litsprautuð, 2000

Guðrún Gunnarsdóttir

LR-3372 Genateikning II, vír, 210 x 54 x 17 cm, 2001

LR-3373 Snjör, pappírsþræðirk, 230 x 80 x 10 cm, 2000

Grétar Reynisson

LR-3383 Krossviður, pappir, grafit, kaffi, 1999

Erró

E-3057 Án titils, mósaik,tré / mosaik  
(wooden frame), 12 x 38 cm

Bjarni Sigurbjörnsson

LR-3386 Ónafn greint, oliulitir á plexigler, 205 x 205 cm, 2000-01

Guðrún Vera Hjartardóttir

LR-3385 Bak, 'Plastilina', 38 x 38 x 26 cm, 2001

Jóhannes S. Kjarval  
K-5361 Frá þingvöllum, olia á striga,  
105 x 120 cm, 1939-40

Hjörleifur Sigurðsson  
LR-3392 Brú, oliulitir á japanpappir, 91 x 123 cm, 2000  
LR-3393 Ort um brúna, oliulitir á japanpappír,  
84 x 107 cm, 2000

Helgi Gislason  
LR-3394 Viðræða, bronssteypa, gúmmi, h.143 br.33,5 x  
23,5 cm 2001

Hrafnkell Sigurðsson  
LR-3376 Án titils, ljósmynd, 'lambda print' á álplötu, 74,5 x  
110 cm 2000  
LR-3377 Án titils, ljósmynd, 'lambda print' á álplötu,  
74,5 x 110 cm 2001

### Giafir 1998

Moreno, Manuel  
LR-3191 Arkitektúr áferðin, blönduð tækni, 57x26  
Listamaðurinn gaf Reykjavíkurborg.

Erlendir listamenn  
LR-3271-LR-3313 Grafíkverk eftir ýmsa erlenda listamenn.  
Gjöf Erró 1998

Roni Horn  
LR-3326 Ísland, Bók innbundin, 27,5x21,7cm, 1996

Erró  
E-2995 Þar sem straumar mætast,  
olia á striga, 100 x 73cm, 1998  
Frummynd að veggspjaldi Listahátiðar í Reykjavík 1998,  
sem bar yfirskriftina. Þar sem straumar mætast

Jóhannes S. Kjarval  
K-5348 Framtíð (Morgunröði),  
olia á striga, 71 x 85 cm, 1939  
Gefin af Guðmundi Jónssyni og Friðri Halldórsdóttur í tilefni  
af 25 ára afmælis Kjarvalsstaða.

### Gjafir 1999

Finnbogi Pétursson  
LR-3210 Spor, blönduð tækni, (5x) 11,5 x 9 cm, 1997

Christian A. Jensen  
LR-3262 Magnús Stephensen, konferensráð, 1826,  
olia á striga,  
36,8 x 32,3 cm m. ramma.  
Gjöf úr dánarbúi sendiherrahjónanna Guðrúnar og  
Magnúsar V. Magnússonar. Eign Viðeyjar

Huse, Patrick  
LR-3243 Án titils, litógrafia úr seriunni "Rift", 46,5 x 35,5  
cm, 1999  
LR-3349 Disclaimed discharge, olia á striga, 200x200cm  
Gefandi listamaðurinn.

Hafsteinn Austmann  
LR-3255 Akvarell, vatnslitir á pappír, 80 x 62,5 cm, 1995  
Gefandi listamaðurinn

Jóhannes S. Kjarval  
K-5354 Esjan í vorleysingum, olia á striga, 110 x 145 cm,  
1956-57 Gjöf frá Steingerði Guðmundsdóttur, skáldkonu

Gjafir frá Hallfriði G. Schneider 1999  
Jóhannes S. Kjarval  
K-5375 Pegasus og stúlkan,  
olia á léreft, 103 x 70 cm, 1953  
K-5376 Blóm, olia á léreft, 69 x 60 cm  
LR-3399 Ragnheiður Jónsd. Ream,  
Án titils, guass á pappír, 60 x 130 cm

## Gjafir 2000

### Erró

- E-3025 Stríðið, vatnslitir, blek á pappir, 69 x 40 cm, 1946  
E-3026 To us, grafik, litógrafia, 23/25 III EA , 67 x 48 cm, 1996  
E-3027 Án titils (rauðhærð kona), grafik, litógrafia, EA 25/40 93 x 75 cm 1993  
E-3028 Án titils (Mikki og Mina múš), grafik, litógrafia, XIX/XXV, 98 x 68 cm 1998  
E-3029 Avoir un Moyen, grafik, litógrafia 2/25 ea, 68 X 40 cm, 1996  
E-3030 Nnnoo Nnno, grafik, litógrafia, 73 x 50 cm, 1997  
E-3031 Án titils (hluti af Facescape)grafik, litógrafia, 65 x 48 cm, 1996  
E-3032 Mrrrff! Mgghh!, grafik, litógrafia, 62 x 47 cm, 1993  
E-3051 Án titils (Honk), viður, 50 x 30 x 4,5 cm, 2000  
E-3052 Án titils, viður, 50 x 30 x 4,5 cm, 2000  
E-3053 Án titils, viður, 50 x 30 x 4,5 cm, 2000  
E-3004 Soffia, smelti á tréplötu 2/8, 37 x 29cm, 1999  
E-3005 Inga, smelti á tréplötu 2/8, 37 x 29cm, 1999  
E-3006 Elin, smelti á tréplötu 2/8, 37 x 29cm, 1999  
E-3007 Eva, smelti á tréplötu 2/8, 37 x 29cm, 1999  
E-3008 Linda, smelti á tréplötu 2/8, 37 x 9cm, 1999  
E-3009 Júlia, smelti á tréplötu EA 4/4, 37 x 29cm, 1999  
E-3010 Helga, smelti á tréplötu EA 4/4, 37 x 29cm, 1999  
E-3011 Anna, smelti á tréplötu EA 4/4, 37 x 29cm, 1999  
E-3012 Maria, smelti á tréplötu EA 4/4, 37 x 9cm, 1999  
E-3013 Íris, smelti á tréplötu EA 4/4, 37 x 29cm, 1999  
E-3014 Konur, smelti á tréplötu EA 4/4, 37 x 29cm, 1999  
E-3015 Bustarðu á hverjum degi, pappír, lím, pappi, 32 x 25cm, 1958  
E-3016 Án titils, pappír, lím, pappi, 32 x 25cm, 1958  
E-3017 Án titils , pappír, lím, pappi, 32 x 25cm, 1958  
E-3018 Le premier Prix, pappír, lím, pappi, 32 x 25cm, 1958  
E-3019 From the U.S.A, pappír. lím. Pappi, 32 x 25cm, 1958  
E-3020 Án titils , pappír, lím, pappi, 32 x 25cm, 1958  
E-3021 Án titils , pappír, lím, blek, 32 x 25cm, 1956  
E-3022 Án titils, pappír, blek, vatnslitur, 32 x 25cm, 1956  
E-3023 Án titils, pappír, blek, vatnslitur, 32 x 25cm, 1958  
E-3024 Heimsflensa, pappír, blek, lím, 32 x 25cm, 1956

E-3003 Lára, smelti á tréplötu 2/8, 37 x 29cm, 1999  
E-3060 Án titils , klippimynd, 20,4 x 9,8 cm, 1974

Fabrice Hybert

LR-3316 Án titils, vatnslitur og blek á pappir,

35 x 27 cm, 2000

LR-3315 Án titils, blönduð tækni á pappir,

64,1 x 50 cm, 2000

Gefandi listamaðurinn

Dale Chihuly

LR-3314, Cobalt Blue Macchia with Red Lip Wrap, blásið gler, 45 x 95 x 75 cm, 1992

Gefandi listamaðurinn.

### Gjafir 2001

E-3061-E-3183 Klippimyndir af mismunandi stærðum og ýmsum tínum.

E-3041 Án titils, Olia á striga, 1994

E-3042 Án titils, Olia á striga, 1994

E-3043 Án titils, Olia á striga, 1994

E-3044 Án titils, Olia á striga, 1994

E-3045 Án titils, Olia á striga, 1994

E-3046 Án titils, Olia á striga, 1994

E-3047 Án titils, Olia á striga, 1994

E-3048 Án titils, Olia á striga, 1994

E-3058 Papa Picasso, olia á striga, 65 x 100 cm, 1965

Eftirtalin ver voru gerð í tilefni af sýningunni 'Memoir of Freedoom'-Frakklendi 1991. Gefin Listasafni Reykjavíkur í ágúst 2001 af umsjónarmanni þeirrar sýningar, Gerard Bosio.

Roy Lichtenstein

LR-3380 Liberté, litógrafia / lithographie,

100 x 120 cm, 1991

Mimmo Rotella

LR-3381 La main de la Liberté

samklippimynd(rifinauglysingaspjöld),

119,5 x 79,5 cm, 1991

Robert Combas  
LR-3382 Alchimikum Liberatum,  
litógrafia, 103 x 84 cm, 1991

Erró

E-3056 Enginn maður skal sæta pyndingum, grimmilegri,  
ómannlegrieða vanvirðandi meðferð eða refsingu,  
litógrafia á striga, 103 x 150 cm, 1991.  
Titill verksins visar í 5. grein Mannréttindayfirlýsingar SP.

Gefið af umsjónarmanni þeirrar sýningar, Gerard Bosio til  
Listasafns Reykjavíkur í ág. 2001.

Gjafir úr dánarbúi Steingerðar Guðmundsdóttur:

Jóhannes S. Kjarval

- K-5363 Nocturne, olia á striga, 29 x 69 cm, 1955  
Verkið er málað með tvær aðalpersónur úr leikriti  
Steingerðar Guðmundsdóttur, Nocturne, í huga.  
K-5364 Skjaldmærin I, olia á striga, 38 x 50, 1954-55  
Talið vera frummynd fjölmargra Skjaldmeyjarmynda  
Kjarvals.  
K-5365 Skjaldmær II, olia á pappír, 49 x 68 cm, 1955-56  
K-5366 Kokkurinn i Álfheimum,  
vaxlitar á pappír, 58 x 46 cm, 1960  
K-5367 Snjór, olia á pappír, 63 x 63 cm, 1957  
K-5368 Tómasina, túss á pappír , 1924  
K-5369 Sumarmál, oliukrit á pappír, 51,5 x 68 cm, 1962  
Valtýr Pétursson  
LR-3389 Án titils, olia á striga, 34 x 23 cm, 1979  
Jóhanna Bogadóttir.  
LR-3390 Án titils, olia á striga, 74-5 x 64 cm  
Nina Tryggvadóttir  
LR-3388 Án titils, olia á spjald, 16 x 9 cm  
Eiríkur Smith  
LR-3391 Svif, olia á striga, 65 x 90 cm, 1994

Gjafir úr dánarbúi Ólafar Vernharðsdóttur:

Jóhannes S. Kjarval

- K-5370 Haustlitir á Snæfellsnesi (Sólsetur á  
Snæfellsjökli)oliukrit ápappír, 37x50 cm

K-5371 Kristnitakan á þingvöllum, olia á léreft, 33 x 57 cm  
K-5372 Bjólfur á Seyðisfirði, vatnslitur á pappír, 1921-22

Guðmundur Ingólfsson

LR-3395 Hafnarstræti 2 1986, ljósmynd, 42 x 49cm

Harpa Björnsdóttir

LR-3348 Án titils, vatnslitir á pappir, 48 x 53,5 cm, 1999

Gefandi listamaðurinn

Reykjavík menningarborg árið 2000:

Sigurður Árni Sigurðsson

LR-3400 Án titils, 244x144 cm, olia á striga, 1999

Verkið var táknumynd Reykjavíkur menningarborgar Evrópu  
2000.

Gefandi Reykjavík menningarborg Evrópu árið 2000.



LISTASAFN REYKJAVÍKUR  
REYKJAVÍK ART MUSEUM

íslanðssími C